

Fundarboðandi:	Starfsmaður f.h. formanns	Fundarstaður:	Fjarfundur
Fundarstjóri:	Þorvaldur H. Þórðarson formaður	Dagsetning:	28.02.2024
Fundarritari:	Esther Hermannsdóttir	Fundartími:	14:00-14:30
Þátttakendur:	Þorvaldur Þórðarson (Yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) Hilmar Vilberg Gylfason (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands) Sigríður Björnsdóttir sérgreinadýralæknir mætir á fundinn undir lið 2.		

Dagskrá

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar
- Umsókn um leyfi til dýratilraunar
 - Stjórnun á endurmyndun mýelíns í miðtaugakerfinu
- Flugeldar og dýr – áður rætt, unnið að ályktun milli funda
- Ábyrgð sveitarfélaga gagnvart dýrahaldi á hættusvæðum – áður rætt, unnið að ályktun milli funda.
- Skýrsla Ríkisendurskoðunar um eftirlit með velferð búfjár- áður rætt, unnið að ályktun milli funda
- Önnur mál

Umræða

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Hún samþykkt samhljóða

2. Umsókn um dýratilraun

- Stjórnun á endurmyndun mýelíns í miðtaugakerfinu

Sigríður Björnsdóttir sérgreinadýralæknir gerði grein fyrir tilrauninni. Málið rætt.

Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.¹

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

3. Flugeldar og dýr

Ályktun sem unnið hefur verið að rædd, verður unnin áfram fyrir næsta fund.

¹ Fulltrúi DÍS gerir athugasemd um að ekki sé nægilega ljóst hvernig líkja eigi eftir sjúkdómsástandi á borð við MS (Multiple Sclerosis) í rottum með því að sprauta "mýelinskaðandi" efni í miðtaugakerfi þeirra. MS er ólæknandi sjálfsöfnæmissjúkdómur sem orsakast af flóknu samspili erfða og umhverfis. Meðferð við sjúkdómnum hefur tekið miklum framförum á undanförunum árum og mikilvægt er að halda þeirri þróun áfram. Notkun lifandi dýra við tilraunir í þessum tilgangi á að okkar mati að takmarka eftir fremsta megni enda hefur það sýnt sig að meiri hluti þessara tilrauna skilar ekki tilsettum árangri. Auk þess eru þjáningar dýranna miklar. Bólguviðbragð í nagdýrum er ólíkt bólguviðbragði mannfólks og kemur því ekki á óvart að yfir 150 efni sem hafa gefið góða raun við meðhöndlun á bólgu í nagdýrum bar engan árangur til meðhöndlunar á bólgu í mannfólki.[1] DÍS veitir samþykki sitt fyrir rannsókninni að ofangreindu tilgreindu.

4. Ábyrgð sveitarfélaga gagnvart dýrahaldi á hættusvæðum

Ályktun fagráðs:

Fagráð um velferð dýra telur mikilvægt í ljósi atburða síðustu ár, mánuði og vikur að taka þurfi til greiningar aðbúnað og staðsetningu dýra á hættusvæðum. Ráðið beinir því til sveitarfélaga sem skipulagsyfirlvals, ríkisins og almannavarna að greina staðsetningu búfjárbyggða með tilliti til áhættuþátta á borð við snjóflóð, aurskriður, eldgos, jarðsjálfta, flóða áa og sjávar.

Meta þarf hættusvæðin og stöðu búfjárbyggðar og taka þarf skepnur inn í rýmingaráætlun Almannaavarna. Ekkert dýr á að vera haldið við þær aðstæður að ekki sé hægt að sinna grunnþörfum þeirra komi til rýminga né að þau séu höfð innilokuð í húsum þar sem slík hætta er viðbúin. Tryggja þarf jafnframt að öll skráningarskyld dýr séu skráð skv. lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögum og það er hjá þeim að ákveða hvar búfjárbyggð er skipulögð. Stafi ógn af völdum náttúruvára að skipulögðum búfjársvæðum ber að bregðast við því og tryggja öryggi fólks og dýra. Ráðið beinir því til Almannaavarna að dýr eru skynigæddar verur en ekki hlutir og skulu metin sem slík í aðgerðaráætlunum. Ráðið beinir því til Matvælastofnunar, Sveitarfélaga og Heilbrigðiseftirlitsins að skerpa á skráningu dýra til að tryggja öryggi og velferð þeirra.

5. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um eftirlit með velferð búfjár

Ályktun fagráðs:

Fagráð um velferð dýra telur niðurstöður stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar á starfsháttum Matvælastofnunar (MAST) á eftirliti með velferð búfjár vera alvarlegar í ljósi lögbundins hlutverks stofnunarinnar sem eru m.a. að standa vörð um velferð dýra.

Samkvæmt niðurstöðu Ríkisendurskoðunar á starfsháttum MAST er varða eftirlit með velferð búfjár bregst MAST lögbundnu hlutverki sínu. Mikilvægt er að dýrum sé tryggður réttur til velferðar skv. 1 gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 og ber Matvælaráðuneytið ábyrgð á framfylgd laganna.

Fagráð telur brýnt að Matvælastofnun taki til sín og bregðist strax við þeim átta ábendingum og tillögum Ríkisendurskoðunar um úrbætur. Til að svo megi verða beinir fagráð því til Matvælaráðuneytisins að taka til aðgerða þær fimm ábendingar sem að beint er að ráðuneytinu í stjórnsýsluúttektinni.

Fagráð tekur undir með Ríkisendurskoðun að leggja þarf áherslu á að „dýr njóti vafans þegar velferð þeirra er ógnað“.

Formaður fagráðs sat hjá við afgreiðslu þessar liðar.

6. Önnur mál.

Fagráð vinnur að umsögn um drög að breytingartillögu á lögum um velferð dýra. Formaður fagráðs eða starfsmaður MAST sendir inn drögin. Drögin verði tilbúin eigi síðar en 6. mars – ákveðið að vinna og samþykkja drögin í gegnum tölvupóstsamskipti.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið 14:30